

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/55/EB

frá 6. október 1997

um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 189. gr. b sáttmálans⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 25. júní 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eitt af helstu markmiðum bandalagsins er að koma á innri markaði. Gera verður ráðstafanir til þess að stuðla að eðlilegri starfsemi þessa markaðar. Innri markaðurinn skal ná til svæðis án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir fólksflutningar, frjálsir vöruflutningar, frjálsir þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.
- 2) Tilkomu innri markaðar fylgir æ meira úrval. Þar sem neytendur geta nýtt sér og eiga að nýta sér innri markaðinn sem best og þar sem auglýsingar eru mikilvæg aðferð við að skapa raunhæfa markaði fyrir allar vörur og þjónustugreinar í gervöllu bandalaginu þykir rétt að grundvallarákvæði um form og efni samanburðarauglýsinga séu alls staðar þau sömu og að skilyrði fyrir notkun samanburðarauglýsinga í aðildarríkjunum verði samhæfð. Sé slíkum skilyrðum fullnægt verður hægara um vik að sýna fram á kosti ýmissa sambærilegra vörutegunda með óhlutdrægum hætti. Samanburðarauglýsingar geta einnig örvað samkeppni milli þeirra sem bjóða vöru og þjónustu þannig að neytandinn njóti góðs af.

- 3) Lög og stjórnsýslufyrirmæli einstakra aðildarríkja um samanburðarauglýsingar eru mjög mismunandi. Auglýsingar ná út yfir landamæri og til yfirráðsvæðis annarra aðildarríkja. Ákvæði ólíkra landslaga sem ýmist leyfa eða banna samanburðarauglýsingar kunna að hindra frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi og raska samkeppni. Einkum geta fyrirtæki orðið fyrir barðinu á auglýsingaaðferðum sem keppinautar hafa þróað en þeim er ekki unnt að svara í sömu mynt. Tryggja ber frelsi til að veita þjónustu í tengslum við samanburðarauglýsingar. Bandalaginu ber að ráða bót á stöðu mála.

- 4) Í sjöttu forsendu tilskipunar ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 sem varðar samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar⁽⁴⁾ er tekið fram að þegar lokið verði við að samhæfa ákvæði landslaga um villandi auglýsingar verði „á síðara stigi (...) fjallað um óréttmætar auglýsingar og jafnframt, að því marki sem nauðsyn ber til, um samanburðarauglýsingar, á grundvelli viðeigandi tillagna framkvæmdastjórnarinnar“.

- 5) Í d-lið 3. liðar viðauka við ályktun ráðsins frá 14. apríl 1975 um fyrstu áætlun Efnahagsbandalags Evrópu um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda⁽⁵⁾ er fjallað um réttinn til upplýsinga sem hluta grundvallarréttinda neytenda. Þessi réttur er staðfestur með ályktun ráðsins frá 19. maí 1981 um aðra áætlun Efnahagsbandalags Evrópu um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda⁽⁶⁾, en í 40. lið viðauka við hana er sérstaklega fjallað um upplýsingar til neytenda. Þegar bornir eru saman áþreifanlegir, viðeigandi, sannreynanlegir og dæmigerðir eiginleikar í samanburðarauglýsingu, án þess að það sé gert á villandi hátt, kann samanburðarauglýsingin að eiga rétt á sér sem miðill til að upplýsa neytendur um hagsmuni sína.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/98 frá 29. maí 1998 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 180, 11. 7. 1991, bls. 14, og Stjtið. EB nr. C 136, 19. 5. 1994, bls. 4.

(2) Stjtið. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 35.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 1992 (Stjtið. EB nr. C 337, 21. 12. 1992, bls. 142), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 219, 27. 7. 1996, bls. 14) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 1996 (Stjtið. EB nr. C 347, 16. 11. 1996, bls. 69). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. september 1997 og ákvörðun ráðsins frá 15. september 1997.

(4) Stjtið. EB nr. L 250, 19. 9. 1984, bls. 17.

(5) Stjtið. EB nr. C 92, 25. 4. 1975, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. C 133, 3. 6. 1981, bls. 1.

- 6) Æskilegt er að skilgreina samanburðarauglýsingu á sem víðtækastan hátt svo að allar tegundir samanburðarauglýsinga heyrir undir hugtakið.
- 7) Setja ber skilyrði um leyfilegan samanburð í auglýsingum svo að unnt verði að ákvarða hvaða tegundir samanburðarauglýsinga geti raskað samkeppni, skaðað keppinauta og haft neikvæð áhrif á val neytenda. Til skilyrða fyrir leyfilegum auglýsingum er rétt að telja viðmiðanir um óhlutdrægan samanburð á eiginleikum vöru og þjónustu.
- 8) Samanburður, sem aðeins tekur til verðs vöru og þjónustu, ætti að vera mögulegur ef tiltekin skilyrði eru virt, einkum þess efnis að samanburðurinn sé ekki villandi.
- 9) Aðeins ber að leyfa samanburð á tegundum vöru og þjónustu sem eiga í innbyrðis samkeppni og fullnægja sömu þörfum eða eru ætlaðar til sömu nota, svo að komið verði í veg fyrir samkeppnishamlandi og ósanngjarna notkun samanburðarauglýsinga.
- 10) Alþjóðasamningar um höfundarrétt og ákvæði landslaga um samningsbundna og ósamningsbundna ábyrgð skulu gilda þegar vísað er til niðurstaðna samanburðarprófana á vegum þriðja aðila eða þær eru birtar í samanburðarauglýsingu.
- 11) Skilyrðin fyrir samanburðarauglýsingum skulu vera samstæð og uppfyllt í heild sinni. Í samræmi við sáttmálann eru aðildarríkin sjálfráð um form og aðferðir við að fylgja þessum skilyrðum eftir, að því marki sem ekki er mælt fyrir um form og aðferðir í þessari tilskipun.
- 12) Í þessum skilyrðum er rétt að taka sérstakt tillit til ákvæða sem byggjast á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2081/92 frá 14. júlí 1992 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli ⁽¹⁾, einkum 13. gr., og annarra bandalagsákvæða sem samþykkt hafa verið á sviði landbúnaðar.
- 13) Í 5. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki ⁽²⁾ er kveðið á um einkarétt réttthafa skrásetts vörumerkis á notkun þess og þar með heimild til að banna þriðja aðila að nota í atvinnuskyni tákn sem er eins og vörumerkið eða líkt því til að auðkenna vörur eða þjónustu sem eru eins og eða líkar þeim sem skrásetta vörumerkið auðkennir, einnig aðrar vörur ef svo ber undir.
- 14) Eigi samanburðarauglýsing að þjóna tilgangi sínum getur eigi að síður verið nauðsynlegt að tilgreina vöru eða þjónustu keppinautar og vísa til vörumerkis eða vöruheitis sem hann er réttthafi að.
- 15) Slík notkun á vörumerki, vöruheiti eða öðrum auðkennum annars brýtur ekki í bága við slíkan einkarétt ef hún stenst skilyrðin sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þar sem eina markmiðið er að greina á milli vöruheita og vekja með óhlutdrægum hætti athygli á mismuninum á þeim.
- 16) Nauðsynlegt er að kveða á um að réttar- og/eða stjórnsýsluúrræði, sem um getur í 4. og 5. gr. tilskipunar 84/450/EBE, séu fyrir hendi hvað varðar eftirlit með samanburðarauglýsingum sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í þessari tilskipun. Samkvæmt 16. forsendu tilskipunarinnar kann eftirlit að eigin frumkvæði sjálfstæðra stofnana til að útiloka villandi auglýsingar að koma í veg fyrir að leita þurfi stjórnsýslu- eða réttarúrræða og ætti því að hvetja til slíks. Á sama hátt á 6. gr. einnig við um óheimilar samanburðarauglýsingar.
- 17) Sjálfstæðar stofnanir aðildarríkjana geta samhæft starfsemi sína fyrir tilstilli samtaka eða stofnana innan bandalagsins og þannig fjallað meðal annars um kærsmål sem ná yfir landamæri.
- 18) Ákvæði 7. gr. tilskipunar 84/450/EBE sem heimila að aðildarríkin viðhaldi eða samþykki ákvæði í því skyni að tryggja víðtækari vernd til handa neytendum og einstaklingum er stunda einhverja iðn, verslunarstarfsemi, handverk eða sérfræðistörf, svo og öllum almenningi, ættu ekki að gilda um samanburðarauglýsingar, þar eð tilgangurinn með breytingum á fyrrnefndri tilskipun er að skapa aðstæður þar sem samanburðarauglýsingar verða leyfðar.
- 19) Sé vara eða þjónusta kynnt í samanburðarskyni sem eftirlíking eða eftirgerð á vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti skal litið svo á að varan eða þjónustan standist ekki skilyrðin sem sett eru um leyfilegar samanburðarauglýsingar.
- 20) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á bandalagsákvæði um auglýsingar á tilteknum tegundum vöru og/eða þjónustu eða takmarkanir eða bönn við auglýsingum í tilteknum miðlum.
- 21) Banni aðildarríki, í samræmi við ákvæði sáttmálans, auglýsingar sem varða tiltekna vöru eða þjónustu, getur slíkt bann, hvort heldur það er sett beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem samkvæmt lögum aðildarríkisins ber ábyrgð á eftirliti með verslun, iðn, handverki eða sérfræðistörfum, einnig náð til samanburðarauglýsinga.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 208, 24. 7. 1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 92/10/EBE (Stjtið. EB nr. L 6, 11. 1. 1992, bls. 35).

- 22) Aðildarríkjunum er ekki skylt að heimila samanburðarauglýsingar í tengslum við vöru eða þjónustu ef þau hafa komið á eða viðhalda banni gagnvart þeim í samræmi við ákvæði sáttmálans, að meðtöldu banni við markaðssetningaraðferðum eða auglýsingum sem hafa viðkvæma neytendahópa að markhópum. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði sáttmálans, að koma á eða viðhalda banni eða takmörkunum gagnvart notkun samanburðarauglýsinga sem varða sérfræðiþjónustu, hvort heldur það er gert beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem ber að lögum aðildarríkisins ábyrgð á eftirliti með störfum sérfræðinga.
- 23) Það er nauðsynlegt eðlilegri starfsemi innri markaðarins að setja reglur um samanburðarauglýsingar með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari tilskipun og því þarf að bregðast við á vettvangi bandalagsins. Samþykkt tilskipunar er tilhlýðileg því að þar er kveðið á um samræmdar, almennar meginreglur og aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett með hvaða aðferðum og leiðum þau ná fram þessum markmiðum. Slíkt er í samræmi við dreifræðisregluna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 84/450/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:
- „Tilskipun ráðsins frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar“.
- 2) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:
- „1. gr.
- Markmið tilskipunar þessarar er að vernda neytendur og einstaklinga sem stunda einhverja iðn, verslunarstarfsemi, handverk eða sérfræðistörf, að gæta hagsmuna alls almennings gegn villandi auglýsingum og óréttmætum afleiðingum þeirra og að setja skilyrði um notkun samanburðarauglýsinga.“
- 3) Eftirfarandi liður bætist við 2. gr.:
- „2a) „samanburðarauglýsingar“: allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.“

- 4) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

1. Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) að þær séu ekki villandi í skilningi 2. mgr. 2. gr., 3. gr. og 1. mgr. 7. gr.
- b) að samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota;
- c) að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill;
- d) að á markaðinum verði ekki villst á auglýsanda og keppinauti hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- og þjónustutegundum;
- e) að ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing;
- f) að ef um er að ræða vöru með upprunatáknun skal í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknun;
- g) að ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru;
- h) að vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

2. Sé getið um sértílbod í samanburði skal tiltaka með skýrum og ótvíræðum hætti á hvaða degi sértílbodinu ljúki, eða, þar sem við á, að sértílbodið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértílbodið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.“

- 5) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að fullnægjandi og árangursrík úrræði séu fyrir hendi til að bregðast við villandi auglýsingum og hafa eftirlit með því að ákvæðum um samanburðarauglýsingar sé framfylgt í þágu neytenda sem og samkeppnisaðila og alls almennings.

Slík úrræði skulu meðal annars taka til ákvæða í lögum er heimila aðilum og félögum, sem að landslögum eru talin hafa lögmætra hagsmuna að gæta til að banna villandi auglýsingar eða setja reglur um samanburðarauglýsingar:

- a) að höfða mál gegn slíkum auglýsingum; og/eða
- b) að skjóta slíkum auglýsingum til stjórnvalds sem er til þess bært annaðhvort að kveða upp úrskurð í kærumálum eða hefja viðeigandi réttaraðgerðir.“

6) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytast sem hér segir:

a) í stað undirliða fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„- að fyrirskipa að hætt verði eða að hefja viðeigandi réttaraðgerðir til að láta hætta villandi auglýsingum eða óheimilum samanburðarauglýsingum, eða,

- hafi villandi auglýsingar eða óheimilar samanburðarauglýsingar ekki enn verið birtar, en birting sé yfirvofandi, að fyrirskipa bann við eða að hefja réttaraðgerðir til að banna slíka birtingu,“

b) í stað inngangsorða að þriðju undirgrein komi eftirfarandi:

„Þegar tekin hefur verið endanleg ákvörðun um að stöðva villandi auglýsingu eða óheimila samanburðarauglýsingu, er aðildarríkjunum heimilt, í því skyni að útiloka áframhaldandi áhrif hennar, að veita dómstólum eða stjórnvöldum umboð til:“

7) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Tilskipun þessi útilokar ekki eftirlit að eigin frumkvæði, sem aðildarríkjunum er heimilt að stuðla að, með villandi auglýsingum eða samanburðarauglýsingum af hálfu sjálfstæðra aðila né að leitað sé til slíkra aðila af hálfu einstaklinga þeirra og félaga sem um getur í 4. gr., ef auk meðferðar fyrir dómi eða stjórnvöldum eins og segir í greininni, er unnt að skjóta málum til þessara aðila.“

8) Í stað a-liðar 6. gr. komi eftirfarandi:

„a) að krefjast þess að auglýsandinn leggi fram sönnunargögn um réttmæti staðhæfinga um staðreyndir í auglýsingum, ef slík krafa virðist réttmæt með tilliti til lögmætra hagsmuna auglýsanda og hvers þess aðila annars er málið varðar, sem og á grundvelli aðstæðna í því tiltekna máli, og sé um að ræða samanburðarauglýsingu, að krefjast þess að auglýsandinn leggi fram slík gögn með skömmum fyrirvara; og“

9) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða samþykki ákvæði um villandi auglýsingar í því skyni að tryggja víðtækari vernd til handa neytendum og einstaklingum er stunda einhverja iðn, verslunarstarfsemi, handverk eða sérfræðistörf, svo og alls almennings.

2. Ákvæði 1. mgr. skal ekki, að því er samanburð varðar, eiga við um samanburðarauglýsingar.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda með fyrirvara um bandalagsákvæði um auglýsingar á tilteknum tegundum vöru og/eða þjónustu eða takmarkanir eða bönn við auglýsingum í tilteknum miðlum.

4. Þau ákvæði þessarar tilskipunar sem varða samanburðarauglýsingar skuldbinda ekki aðildarríki, sem í samræmi við ákvæði sáttmálans viðhalda banni eða leggja bann við tiltekinni vöru eða þjónustu, hvort heldur er beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem ber að lögum aðildarríkisins ábyrgð á eftirliti með verslunarstarfsemi, iðn, handverki eða sérfræðistörfum, til að heimila samanburðarauglýsingar sem varða slíka vöru eða þjónustu. Takmarkist bannið við tiltekna miðla á tilskipunin við um þá miðla þar sem slíkt bann gildir ekki.

5. Ekkert í tilskipun þessari kemur í veg fyrir að aðildarríkin, í samræmi við ákvæði sáttmálans, komi á eða viðhaldi banni eða takmörkunum gagnvart samanburði á sérfræðiþjónustu í auglýsingum, hvort heldur er beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem ber að lögum aðildarríkisins ábyrgð á eftirliti með starfsemi sérfræðinga.“

2. gr.**Kvartanakerfi**

Framkvæmdastjórnin skal kanna möguleikann á að koma á skilvirku kerfi til að meðhöndla kvartanir sem ná yfir landamæri að því er varðar samanburðarauglýsingar. Innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður rannsókna, ásamt tillögum ef við á.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30 mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum*

Evrópubandalaganna. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J.M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. POOS

forseti.